

33
31. maí

L Ö G

um

friðun hreindýra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreindýr skulu hvarvetna á landi hjer friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivjelum til 1. janúar 1935. Heimilt skal þó að handsama dýr til eldis.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða 100 kr. sektum í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, en sektir tvöfaldast við hverja ítrekun brots, alt að 400 kr.

3. gr.

Fara skal með mál, er rísa af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar í sveitarsjóð heimilissveitar hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.